



Héraðssambandið Skarphéðinn

Engjavegi 48, Selfossi - Sími 482 1189 - Fax 482 2909
Netfang: hsk@hsk.is - Veffang: www.hsk.is

Selfossi 12. maí 2026

Sveitarfélög á sambandssvæði HSK

Á héraðsþingi Héraðssambandsins Skarphéðins, sem haldið var á Borg 26. mars sl., voru eftirfarandi tillögur samþykktar.

Þakkir til héraðsnefnda og sveitarfélaga

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, þakkar sveitarstjórnunum og héraðsnefndum á sambandssvæði HSK fyrir mikilvægan stuðning á árinu.

Allir með

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg, 26. mars 2026, hvetur allar sveitarstjórnir og íþróttafélög á sambandssvæði HSK að taka virkan þátt í verkefninu *Allir með*, samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar (ÍSI, UMFÍ og ÍF).

Greinargerð:

Markmið verkefnisins er:

Að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna.

Að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nærumhverfi í samræmi við óskir sínar og þarfir með viðeigandi aðlögun.

Að allir skulu eiga kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagsskap.

Á heimasíðu verkefnisins er hægt að sækja um styrk vegna verkefna sem fela í sér inngildingu fatlaðra í íþróttastarf hjá íþróttafélögum.

Meðfylgjandi er ársskýrsla HSK 2025 og þinggerð héraðsþings 2026.

Kærar kveðjur,
f.h. stjórnar HSK,

Engilbert Olgeirsson
framkv.stj. HSK.